

Um verkefni fræðslunefndar

1. gr.

Fræðslunefnd Akureyrarbæjar fjallar um fræðslumál starfsmanna Akureyrarbæjar í umboði stjórnarsýslunefndar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Fræðslunefnd vinnur að starfsþróun starfsmanna Akureyrarbæjar og er starfsmannastjóra og verkefnastjóra starfsþróunar til ráðuneytis um sí- og endurmenntun starfsmanna bæjarins. Nefndin tekur ákvarðanir um úthlutun styrkja til námsleyfa úr Námsstyrkjasjóði.

Um skipan fræðslunefndar

4. gr.

Stjórnarsýslunefnd skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum skipar fimm fulltrúa starfsmanna í fræðslunefnd til fjögurra ára og fimm varamenn. A.m.k. tveir nefndarmenn skulu vera af félagssviði, einn af tækni- og umhverfissviði og einn af stjórnarsýslusviði. Stjórnarsýslunefnd skipar formann og varaformann.

5. grein

Formaður fræðslunefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar stjórnarsýslunefndar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

6. gr.

Fræðslunefnd heldur fundi eftir þörfum eftir ákvörðun formanns. Fund skal halda ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

7. gr.

Verkefnastjóri starfsþróunar situr að jafnaði fundi fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt auk þess sem starfsmannastjóra er heimilt að sitja fundi nefndarinnar með sömu réttindum. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

Um yfirstjórn fjárveitinga til símenntunarmála

8. gr.

Fræðslunefnd hefur yfirumsjón með sérstökum fjárveitingum til sí- og endurmenntunar starfsmanna af liðnum stjórnenda- og starfsmannafræðsla og mótar vinnureglur um hvernig þeim skuli varið.

9. gr.

Nefndin fylgist með því hvernig fjármunum til sí- og endurmenntunar er varið á vegum sviða, deilda og stofnana bæjarins svo og á vegum fræðslusjóða stéttarfélaga.

10. gr.

Formaður fræðslunefndar er í forsvari fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Verkefnastjóri starfspróunar ber ábyrgð á ráðstöfun sérstakra fjárveitinga til sí- og endurmenntunar innan þess ramma sem fræðslunefnd markar á hverjum tíma.

Um yfirstjórn Námsstyrkjasjóðs

11. gr.

Fræðslunefnd hefur yfirumsjón með Námsstyrkjasjóði, auglýsir eftir umsóknum og úthlutar styrkjum. Fræðslunefnd ber ábyrgð á að styrkveitingar fari ekki fram úr greiðsluheimildum sjóðsins.

Um fundarsköp fræðslunefndar

12. gr.

Um fundarsköp á fundum fræðslunefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi tveimur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í fræðslunefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir fræðslunefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Fræðslunefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða fræðslunefnd ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar stjórnarsýslunefndar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

13. gr.

Verkefnastjóri starfspróunar annast ritun fundargerða. Um ritun fundargerða fræðslunefndar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 31. gr. Samþykktar um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar. Þó skal ekki færð sérstök gerðabók um fundi nefndarinnar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

- a fundartíma og fundarstað,
- b nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e stutta lýsingu á hverju fundarefni,
- f bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
- g í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölu settar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra á stjórnsýslusviði. Skjalastjóri sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar en verkefnastjóri starfspróunar tilkynnir aðilum mála, sem afgreidd eru í fræðslunefnd, um málalok.

Um hæfi og skyldur nefndarmanna og starfsmanna fræðslunefndar

14. gr.

Um hæfi fræðslunefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

15. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla nefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Málsmeðferðareglur fræðslunefndar

16. gr.

Við meðferð mála hjá fræðslunefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fræðslunefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs sbr. stjórnslulög nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum fræðslunefndar áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða máls hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

Ákvörðun fræðslunefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

Heimildir fræðslunefndar til fullnaðarákvarðana

17. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar stjórnslunefndar mál á verksviði hennar ef:

- a lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- eða fjárhagsáætlun og
- c þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

18. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að fela verkefnastjóra starfspróunar fullnaðarákvarðanir um útgjöld sem eru samþykkt í fjárhagsáætlun og innan ramma hennar, á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 16. gr.

Fræðslunefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslum verkefnastjóra og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um þær.

Endurupptaka máls

19. gr.

Eftir að fræðslunefnd eða starfsmenn hennar hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til stjórnslunefndar.

Stjórnsýslukæra.

20. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun fræðslunefndar eða starfsmanna hennar til stjórnsýslunefndar til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun fræðslunefndar eða starfsmanna hennar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildi samþykktarinnar

21. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með samþykkt stjórnsýslunefndar 12. janúar 2005.